

## ✉ Örlyghafnarvegur um Látravík, tilkynning vegna matsskyldu

Búið til	18.5.2020 14:18:59
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.5.2020 14:18:59
Tilheyrir	📁 202004-0040 - Örlyghafnarvegur um Látravík, Vesturbyggð - Umsagnarbeiðni

### Efni

Örlyghafnarvegur um Látravík, tilkynning vegna matsskyldu

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	18.5.2020 14:18:59	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jon@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020040040 (BK, RT, TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd við Örlyghafnarveg um Látravík í Vesturbyggð skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða 1,75 km veglínu sem liggur um svæði á náttúruminjaskrá nr. 307 og nýtur hverfisverndar. Rétt er að taka fram að Náttúrufræðistofnun vann skýrslu um gróðurfar og fuglalíf á framkvæmdasvæðinu fyrir Vegagerðina.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tilkynningu, ásamt viðaukum, og telur að í henni komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmdina og þau áhrif sem hún kann að hafa á þá þætti sem eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þau atriði í skýrslunni sem snúa að úttekt stofnunarinnar þ.m.t. niðurstaðna og ábendinga s.s. um mögulega tilfærslu á veglínunni, vegna rituflugs, sem fjallað er um í tilkynningunni.

Um er að ræða tiltölulega stuttan vegkafla, vissulega á viðkvæmu svæði, þar sem öll nauðsynleg gögn liggja fyrir og ekki margir veglínukostir í stöðunni. Náttúrufræðistofnun telur ekki, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nýr vegur, eins og honum er lýst í tilkynningunni og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Mikilvægt er á þessu svæði að öllu raski sé haldið í lágmarki og vandað til frágangs.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (mailto:trausti@ni.is)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)